

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um þátttöku
í Eurovision-söngvakeppninni í Aserbaídsjan.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Hefur ráðherra kynnt sér stöðu mannréttindamála í Aserbaídsjan, m.a. við undirbúning Eurovision-söngvakeppninnar þar í landi?
2. Telur ráðherra koma til álita að Ísland sniðgangi keppnina og taki þannig undir gagnrýni mannréttindasamtaka og hvetji aðra til að gera slíkt hið sama?
3. Telur ráðherra að unnt sé að nýta söngvakeppnina til að stuðla að framförum í mannréttindamálum í landinu?